

Ed.

412. Breytingartillögur

[131. mál]

við frv. til l. um breyt. jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

5. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Laun héraðsráðunauta og ferðakostnaður þeirra greiðist að $\frac{2}{3}$ hlutum úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{3}$ hluta af hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

Þóknun mælingamanna greiðist á sama hátt, enda samþykki landbúnaðarráðherra launagreiðslur búnaðarsambandanna vegna starfsemi þeirra.

2. Í stað 1. og 2. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

1. málsg. 11. gr. laganna orðist svo:

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

I. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir og handgrafnir opnir skurðir, svo og hvers konar lokuð ræsi, þar á meðal plóg-ræsi):

Framlag 75% kostnaðar.

II. Jarðrækt:

a. Frumvinnsla lands vegna grænifóðurs- og kornræktar.

b. Túnrækt á söndum.

c. Túnrækt á vallendi, móum og melum.

d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi.

e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis.

f. Grjótnám.

Framlag 25% kostnaðar.

III. Girðingar og ræktunarlönd:

a. Sex strengja gaddavirsgirðing.

b. Fimm strengja gaddavirsgirðing.

c. Þriggja strengja gaddavirsgirðing á skurðbakka.

d. Vírnetsgirðing með einum gaddavirsstreng.

Framlag 25% kostnaðar.

IV. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni:

Framlag 15% kostnaðar.

V. Votheyshlöður úr varanlegu efni:

Framlag 25% kostnaðar.

VI. Áburðargeymslur:

a. Safnþrær.

b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar.

Framlag 25% kostnaðar.

VII. Súgþurrkunarkerfi með eða án blásara:

Framlag 40% kostnaðar.

VIII. Garðávaxtageymslur steypar með þaki úr varanlegu efni:

Framlag 15% kostnaðar.

Búnaðarfélag Íslands og Teiknistofa landbúnaðarins láta sérfræðinga sína meta árlega kostnað hvernar tegundar framkvæmda, sem upp eru taldir í grein þessari.